



Fundargerð menningarmálanefndar 25. október 2016

Menningarmálanefndarfundur 25.10.16

Fundur var haldin í Miklagarði, hófst 17:00 og mætt voru: Unnur Ósk Unnsteinsdóttir, Ingólfur Daði Jónsson, Jakobína Ósk Sveinsdóttir, Hreiðar Geirsson, Elísa Joensen og Berghildur Fanney Hauksdóttir menningarmálafulltrúi.

Ingólfur Daði ritaði fundargerð.

1. Mál: Umsóknir um starf verkefnastjóra Vopnaskaks.

M.m.n. formaður tilkynnti m.m.n að ein fyrirspurn og ein formleg umsókn hafi borist nefndinni. Lítilega rætt. Enn er umsóknafrestur til 1. Nóv.

2. Mál: Rithöfundalestin 2016

Rithöfundalestin 2016 verður á Vopnafirði föstudaginn 25. nóvember. Menningarmálanefnd skaffar rithöfundum gistingu og mat. Fleiri rithöfundar gætu bæst við en núna eru fjórir rithöfundar staðfestir:

Yrsa Sigurðardóttir með glæpasögu

Magnús Sigurðsson með ljóð og þýðingar

Pétur Gunnarsson með skáldsögu

Inga Mekkín Beck með unglingsbók.

3. Mál: Jólatónleikar

M.m.n. formaður búið að vera í sambandi við nokkra tónlistamenn varðandi jólatónleika. Rætt hvernig málin standa og mun m.m.n. formaður áfram vinna í þessu máli.

4. Mál: Leiksýningin Stertabenda

Útskriftar leiksýning Listaháskólans í samstarfi við Þjóðleikhúsið. Upprunalega var haft samband við þau fyrir DM16. Svarið frá þeim var svohljóðandi að þau væru bjartsýn á að geta komið. Í ljósi þess að DM16 er fullbókað er ekki hægt að fá þau hingað fyrir áramót en ákveðið að athuga með möguleika eftir áramót, jafnvel næsta vor. M.m.f. falið að vera áfram í sambandi við þau.

5. Mál: DM16

Unnið áfram í dagskrá DM16 sem inniheldur meðal annars: Kvöldsund með norðurljósa þema, myrkragöngu, spilakvöld, myrkrahnit, tónleika með "Hund í óskilum" og leiksýningu með Ladda.

6. Mál: Fjárhagsáætlun menningarmálanefndar 2017

Rætt hvað m.m.n. ætlar að gera á næsta ári. M.m.n. og m.m.f. eiga fund með sveitastjórn og sveitastjóra 1. nóv. næstkomandi og þar verður rætt liður menningarmálanefndar í fjárhagsáætlun 2017.